

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 5. júlí 2022 í máli nr. 124/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 12. nóvember 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða sér 960.000 krónur með dráttarvöxtum frá 20. ágúst 2021.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubrési, dags. 15. nóvember 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi þann 7. janúar 2022, sem móttækið var f.h. varnaraðila þann 10. janúar 2022. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru, auk kvörtunar, samningur aðila, útprentun úr hlutafélagaskrá vegna varnaraðila, útprentun úr ökutækjaskrá, söluskilmálar varnaraðila, tölvubréf varnaraðila til sóknaraðila dags. 20. ágúst 2021, staðfesting sóknaraðila um greiðslu virðisaukaskatts, kröfubréf lögmanns sóknaraðila dags. 26. ágúst 2021 og greiðsluáskorun dags. 17. október 2021.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Í gögnum málsins kemur fram að sóknaraðili festi kaup á bifreið, af gerðinni BMW X3 xDrive30e, fastanr. VZ-V47, erlendis frá, í gegnum varnaraðila þann 19. mars 2021. Samkvæmt samningi aðila fólst þjónusta varnaraðila í aðstoð hans við að finna bifreið fyrir sóknaraðila og gerast milliliður um kaup og afgreiðslu þeirrar bifreið sem valin yrði. Málsaðilar sömdu einnig um að varnaraðili tæki að sér að flytja inn bifreiðina til landsins. Samkvæmt samningi aðila var endanlegt „heimkomið“ verð sem sóknaraðili skyldi greiða fyrir bifreiðina alls 7.890.000 krónur og var sú fjárhæð innt af hendi sóknaraðila inn á reikning í eigu varnaraðila í mars 2021. Þann 20. ágúst 2021 óskaði varnaraðili eftir því að sóknaraðili myndi greiða að auki virðisaukaskatt að fjárhæð 960.000 krónur til Skattsins í því skyni að fá bifreiðina tollafgreidda. Greiddi sóknaraðili umbeðna fjárhæð þann sama dag.

Sóknaraðili byggir á því að skýrt komi fram í 7. gr. samnings aðila að endanlegt kaupverð bifreiðarinnar sé skráð í reit merktum nr. 17. Í þeim reit sé kaupverð bifreiðarinnar tilgreint 7.890.000 krónur og hafi það verð verið að meðtöldum virðisaukaskatti samkvæmt fyrrnefndri 7. gr. samningsins. Hafi sóknaraðili greitt varnaraðila samningsverðið í mars 2021. Þrátt fyrir framangreint ákvæði í samningi aðila hafi varnaraðili neitað að greiða virðisaukaskatt að fjárhæð 960.000 krónur sem yfirvöld hafi krafist að yrði greiddur. Hafi sóknaraðili því neyðst til að reiða þá fjárhæð af hendi sjálfur til að unnt væri að leysa bifreiðina úr tolli. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða honum 960.000 krónur auk dráttarvaxta frá

20. ágúst 2021 sem sé sá dagur er sóknaraðili greiddi virðisaukaskattinn til hins opinbera.

#### IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum eða gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili keypti bifreið af gerðinni BMW X3 xDrive30e, fastanr. VZ-V47, erlendis frá, í gegnum varnaraðila. Fyrir kaupin gerði sóknaraðili samning við varnaraðila. Í bæði samningnum og skilmálum varnaraðila kemur fram að varnaraðili hafi tekið að sér að aðstoða sóknaraðila við að „finna bifreið til sölu erlendis og gerast milliliður um kaup og afgreiðslu á þeirri bifreið sem valin er án samábyrgðar með seljanda eða framleiðanda.“ Þá segir í skilmálum kaupsamningsins að varnaraðili komi fram sem umboðsmaður kaupanda í viðskiptunum.

Af fyrirliggjandi gögnum vegna kaupa á bifreiðinni verður ekki annað séð en að varnaraðili hafi komið alfarið fram sem seljandi bifreiðarinnar gagnvart sóknaraðila í stað eiganda bifreiðarinnar, sem hvergi er greint frá í samningsgögnum. Varnaraðili er eini sérstaklega tilgreindi viðsemjandi sóknaraðila vegna kaupanna og innflutnings bifreiðarinnar. Þá barst greiðsla kaupverðsins beint til varnaraðila. Ákvæði laga nr. 48/2003 um neytendakaup gilda því um kaupin eins og hér háttar og telst varnaraðili seljandi bifreiðarinnar í skilningi laganna.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði sér 960.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 20. ágúst 2021 vegna virðisaukaskatts sem hann þurfti að inna af hendi til þess að leysa bifreiðina úr tollafgreiðslu. Hefur sóknaraðili bent á að samkvæmt samningi aðila hafi virðisaukaskattur átt að vera innifalinn í kaupverði bifreiðarinnar.

Í samningi aðila vegna þjónustu og kaupa á bifreiðinni er greint frá skilmálum varnaraðila. Í 7. gr. skilmálanna segir: „*Endanlegt heimkomið verð til kaupanda er upphæð skrifuð í reit 17 hér að ofan. Innifalið í verðinu er allur kostnaður við kaup og innflutning bifreiðarinnar, þ.e.a.s. kaupverð erlendis, flutningsgjöld til hafnar, útskipun, sjófragt, uppskipun í Reykjavík, hafnargjöld, afgreiðslugjöld skipafélags, flutningstrygging, tollskýrslugerð, vörugjald í tolli og virðisaukaskattur nema bifreiðin sé undanþegin slíkum gjöldum þegar kaupsamningur er gerður*“. Ennfremur segir í 7. gr. að varnaraðili: „*má leiðrétt endanlegt verð tefjist innborgun á kaupsamning af hálfu kaupanda og orsaki það umtalsverða hækkun á gjaldeyriskaupum og hluta kaupverðs eða verði umtalsverðar breytingar á tollgengi, VSK eða tollreglum á meðan bifreiðin er á leiðinni til landsins*“. Í 8. gr. skilmálanna segir: „*fyrirvari er um villur í verðútreikningi eða ranga tollflokkun. Komi til leiðréttinga vegna slíkra mistaka sem ekki næst samkomulag um geta Kaupandi eða Y krafist riftunar samnings með 7 daga skriflegum fyrirvara*“.

Í tölvubréfi varnaraðila til sóknaraðila þann 20. ágúst 2021 kemur fram sú skýring varnaraðila fyrir kröfu Skattsins að Samgöngustofa hafi skráð bifreiðina með vegið CO<sub>2</sub>-gildi (WLTP) 55 g/km sem sé hærra en opinber umboðsaðili BMW skrái sambærilegar bifreiðar á vefsíðu sinni, þ.e. vegið CO<sub>2</sub>-gildi 48 g/km. Þar af leiðandi

hafi bifreiðin ekki hlotið niðurfellingu á virðisaukaskatti. Ennfremur kemur fram í bréfinu að til þess að fá bifreiðina nýskráða þurfi að greiða til Skattsins virðisaukaskatt að fjárhæð 1.461.973 krónur. Kemur fram að varnaraðili hafði þegar greitt 501.973 krónur af þeirri fjárhæð til Skattsins og séu því eftirstöðvar hins ógreidds virðisaukaskatts að fjárhæð 960.000 krónur. Liggur fyrir í málinu að sóknaraðili greiddi umrædda kröfu þann sama dag. Með tölvupósti sínum til varnaraðila þann 26. ágúst 2021 krafðist sóknaraðili þess með vísan til samningsskilmála að varnaraðili endurgreiddi sér framangreinda fjárhæð.

Líkt og að framan greinir er kveðið á um í 7. gr. almennra skilmála kaupsamnings aðila að endanlegt „heimkomið“ verð til kaupanda sé sú upphæð sem sé skrifuð í reit 17 samningsins. Þá segir þar að innifalið í verðinu sé meðal annars virðisaukaskattur nema bifreiðin sé undanþegin slíkum gjöldum þegar kaupsamningur er gerður. Í almennum söluskilmálum varnaraðila sem finna má á heimasíðu hans kemur jafnframt fram að virðisaukaskattur bifreiðar sé innifalinn í verði nema annað sé tekið fram.

Í 8. gr. samnings aðila aðila er gerður fyrirvari um „ranga tollflokun“, en skýra verður samningsákvæðið á þann veg að það eigi við um tollfokkun samkvæmt VI. kafla tollalaga nr. 88/2005. Á hinn bóginn er hvergi að finna fyrirvara um útreikning eða greiðslu virðisaukaskatts við innflutning bifreiðarinnar. Skýra verður samningsákvæðið eftir orðanna hljóðan og verður varnaraðili að bera hallann af óskýrleika að þessu leyti. Þar sem virðisaukaskattur átti að öllu leyti að vera innifalinn í kaupverði bifreiðarinnar, en sóknaraðili greiddi 960.000 krónur umfram það sem fram kom í samningnum, ber varnaraðili skaðabótaábyrgð á tjóni hans. Krafan ber dráttarvexti frá þeim degi er mánuður var liðinn frá því að varnaraðili var sannanlega krafinn um greiðslu, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, þ.e. frá 26. september 2021, en þá lágu fyrir þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta.

## V

### Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, greiði sóknaraðila, X, 960.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. september 2021 til greiðsludags.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru og þjónustukaupa.

---

Víðir Smári Petersen  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson